

**1045. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 14. janúar 2019  
og hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður, Daníel Jakobsson formaður og Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður.

**Embættismenn:**

Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri og Ragnar Heiðar Sigtryggsson, verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Ragnar Heiðar Sigtryggsson, verkefnastjóri.

**Dagskrá:**

**1. Sindragata 4A, útboð og framkvæmd verkþátta. - 2018050038**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 1-10 verkfundar vegna byggingaframkvæmda að Sindragötu 4a.

*Lagt fram til kynningar*

Guðmundur vikur af fundi 08:54

**2. Framtíðarhúsnæði fyrir skjalasafnið - 2014050036**

Kynnt er minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara, dags. 11. janúar 2019, með yfirferð yfir stöðu mála varðandi Hraðfrystihús Norðurtanga.

*Lagt til kynningar.*

Guðmundur kemur aftur á fund 09:15

**3. Aðalgata 8 Suðureyri - umsókn um breytta notkun á húsnæði. - 2018110032**

Lagt er fram að nýju bréf Gunnars Inga Hrafnssonar og Sædísar Ólafar Þórsdóttur, dags. 3. janúar 2019, þar sem óskað er eftir að gatnagerðargjald sem lagt er á aðalgötu 8 á Suðureyri, vegna breyttrar skráningar, verði fellt niður. Frekari gögn liggja nú til grundvallar ákvörðunartöku bæjarráðs.

*Bæjarráð samþykkir að gatnagerðargjöld verði fellt niður með vísan til meðfylgjandi gagna.*

**4. Tillögur að breytingum aðalskipulags - leyfisveitingar, rekstrarleyfi - 2018010057**

Kynnt er minnisblað Axels Rodrigues, dags. 11. janúar 2019, með tillögu að överulegum breytingum á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

*Lagt fram til kynningar.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna breytingar skipulagsins samkvæmt*

*minnisblaði skipulagsfulltrúa og leggja fyrir Skipulags- og mannvirkjanefndar.*

Brynjar yfirgefur fundinn 09:45

**5. Lokun Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Flateyri - 2019010044**

Gylfi Ólafsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, kemur til fundar bæjarráðs til að ræða lokun Heilbrigðisstofnunarinnar á Flateyri.

*Gylfi kemur til fundar og kynnir stöðu mála á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.*

*Fundurinn fagnar því að Hvest sé að leita öðru og hentugra húsnæði fyrir heilsuselið á Flateyri og býður fram stuðning sinn í þeirri leit.*

**Gestir**

Gylfi Ólafsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða - 08:15

Gylfi yfirgefur fundinn kl. 08:50

Margrét Halldórsdóttir kemur á fundinn 09:19

**6. Viðbygging við Íþróttahúsið Torfnesi. - 2018010005**

Kynnt minnisblað sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs sem inniheldur þarfagreiningu fyrir líkamsræktarstöð í Skutulsfirði.

*Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram samkvæmt umræðum á fundinum.*

*Vísað til kynningar í íþrótt- og tómstundarnefnd.*

**7. CrossFit Ísafjörður - styrkbeiðni til tækjakaupa - 2019010038**

Lagt fram bréf Ingibjargar Elínar Magnúsdóttur og Hebu Dísar Þrastardóttur, dagsett 7. janúar 2019, þar sem óskað er eftir styrk eða styrktarsamningi til tækjakaupa fyrir CrossFit Ísafjörð að fjárhæð kr. 2.500.000,-

*Bæjarráð fagnar framtakinu en sér sér ekki fært að styrkja verkefnið að svo stöddu.*

Margrét Halldórsdóttir yfirgefur fundinn 09:47

**8. Skýrsla um starfsemi héraðsskjalasafna - 2019010041**

Lagt fram bréf Eiríks G. Guðmundssonar, þjóðskjalavarðar, dagsett 18. desember, ásamt skýrslum úr eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns Íslands með starfsemi héraðsskjalasafna sem fram fór á árinu 2017.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Tilnefningar í samráðsvettvangs sveitarfélaga á Vestfjörðum - 2017040075**

Tilnefningar í samráðsvettvang Sóknaarátlunar fyrir verkefnaákvöðurn ársins 2019 tekið upp að nýju frá 1044. fundi bæjarráðs.

*Bæjarstjóra falið að tilnefna fulltrúa í nefndir.*

**10. Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 2018110022**

Lagt fram bréf Guðna Geirs Einarssonar og Gústavs Arons Gústavssonar f.h.

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dagsett 7. janúar, vegna nýrrar reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **11. Íþrótt- og tómstundanevnd - 192 - 1812022F**

Fundargerð 192. fundar íþrótt- og tómstundanevndar, sem haldinn var 9. janúar. Fundargerðin er í 8 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

##### **11.5 2018080049 - Uppbyggingasamningar 2019**

Í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2019 sem samþykkt var í desember 2018, var sú fjárhæð sem verið hefur í uppbyggingasamningum lækkuð úr tólf milljónum í sex milljónir. Nú þegar hefur þremur milljónum verið ráðstafað með eldri samningi. Nevndin leggur til við bæjarstjórn að gerðir verði uppbyggingasamningar við þau fjögur félög sem óskað hafa eftir samningum og hvert félag fái kr. 1.000.000 til eins árs og upphæð til uppbyggingasamninga verði kr. 7.000.000 í stað kr. 6.000.000.

##### **11.6 2018120079 - Atvinnuþátttaka ungs afreksfólks í Ísafjarðarbæ**

Nevndin leggur til við bæjarstjórn að komið verði til móts við ungt afreksfólk í sveitarfélaginu, sem starfa hjá sveitarfélaginu, þannig að þau verði ekki fyrir tekjutapi vegna þátttöku sinnar í landsliðsverkefnum.

#### **12. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 512 - 1901006F**

Fundargerð 512. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn var 9. janúar. Fundargerðin er í 1 lið.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

#### **13. Fræðslunefnd - 400 - 1901004F**

Fundargerð 400. fundar fræðslunefndar sem haldinn var 10. janúar. Fundargerðin er í 5 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

##### **13.1 2014030064 - Verkefnalisti fræðslunefndar**

Gerð var grein fyrir þeim verkefnum sem liggja fyrir fræðslunefnd og stöðu mála.

##### **13.2 2019010011 - Heilsa og lífskjör skólanema á Íslandi (HBSC) 2018**

Lagt fram til kynningar.

##### **13.3 2018020003 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018**

Fræðslunefnd gerir enga athugasemd við tillöguna og lýsir yfir mikilli ánægju með þingsályktunartillöguna.

##### **13.4 2018030083 - Fjárhagsáætlun 2019**

Fræðslunefnd leggur til að bætt verði inn í gjaldskrána leiga á heimilisfræðistofu og verðin verði þá eins og í tölvuveri. Fræðslunefnd

leggur til að niðurgreiðslan hækki upp í 54.000 með hverju barni miðað við 8 klst. vistun.

13.5 2019010012 - Persónuvernd, skóla- og tómstundastarf

Fræðslunefnd leggur til við bærstjórn að þessi drög verði gerð að reglum.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:55**

---

Arna Lára Jónsdóttir

---

Daniel Jakobsson

---

Marzellíus Sveinbjörnsson

---

Guðmundur Gunnarsson

---

Ragnar Heiðar Sigtryggsson